

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um skýrslu Ríkisendurskoðunar um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða nefndir, ráð og stjórnir á vegum hvaða ráðuneyta störfuðu ekkert árið 2000 og skiluðu engum árangri, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000?
2. Hvenær voru þær skipaðar og í hvaða tilgangi?
3. Hverjir áttu sæti í hverri þeirra fyrir sig?
4. Hver er ástæða þess að þær störfuðu ekkert á árinu 2000 og hver eru áform um áframhaldandi störf þeirra?
5. Þáðu nefndarmenn í þessum nefndum þóknun fyrir nefndarsetu sína á árinu 2000? Ef svo er, í hvaða nefndum var það og hve há voru nefndarlaunin?
6. Hve margir sem áttu sæti í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkisins árið 2000 voru í fleiri en einni nefnd? Í hve mörgum nefndum sat hver þeirra?
7. Hver var hæsta heildarþóknun til eins og sama aðila af þeim sem sæti áttu í þeim 910 nefndum, ráðum og stjórnnum sem störfuðu á árinu 2000?
8. Telur ráðherra að breyta eigi því fyrirkomulagi að þeir sem sæti eiga í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkisins og starfa hjá hinu opinbera fái nefndarþóknun ef nefndarstarfið fer fram í hefðbundnum vinnutíma þeirra?

Skriflegt svar óskast.